

Nd. **345. Frumvarp til laga** [54. mál]
um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933,
um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta efnismálsgrein 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkra-
skýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda
fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.